

Lýsing verkefnis, umfangsáætlun og kostnaður

Að beiðni bæjarstjóra Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur undirritaður tekið saman neðangreinda lýsingu og umfangsáætlun fyrir verkefni sem snýr að greiningu hagræðingarmöguleika í rekstri bæjarins.

Lýsing verkefnis

Verkefnið felst í greiningu hagræðingarmöguleika í öllum rekstri Hafnarfjarðarkaupstaðar. Í upphafi verði núverandi staða greind með rýni á fyrirliggjandi gögnum og fundum með sviðsstjórum og forstöðumönnum stofnana. Í viðauka með umfangsáætlun þessari er yfirlit yfir svið og stofnanir sem áformað er að heimsækja sérstaklega og eiga fund með forsvarsmanni/mönnum þeirra.

Helstu verkþættir

- Greining fyrirliggjandi gagna
- Fundir með forsvarsmönnum sviða og stofnana
- Úrvinnsla gagna
- Töfluvinnsla – fyrir hverja stofnun
- Tillögugerð
- Skýrslugerð

Afurð verks

Afurð verks verði skýrsla með ábendingum og tillögum um hagræðingarmöguleika ásamt greinargerð með lýsingu á núverandi stöðu. Efnistöð og framsetning skýrslunnar verði með þeim hætti sem bæjarstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur óskað eftir.

Fjárhagsleg áhrif framlagðra tillagna í skýrslu verða metin eftir því sem mögulegt er.

Hluti af skýrslu verði töfluyfirlit fyrir hverja stofnun fyrir sig um núverandi rekstur og helstu stærðir í starfsemi þeirra.

Verkið samkvæmt þessari umfangsáætlun nær **ekki** til samantektar um almennan rekstur og fjármál sveitarfélagsins eða samantektar um þróun ýmissa hagstærða.

Upphaf verks og skil

Verkefnið getur hafist í síðustu viku október 2014, viku 44, og reiknað með að því ljúki í lok febrúar 2015. Vísað er í neðangreint yfirlit um nánari verkskipulag.

	okt.14	nóv.14	des.14	jan.15	feb.15
Greining fyrirliggjandi gagna	■				
Fundir með forsvarsmönnum sviða og stofnana	■				
Úrvinnsla gagna			■		
Töfluvinna		■			
Tillögugerð				■	
Skýrslugerð					■

Stuðningur Hafnarfjarðarkaupstaðar

Verkið verði unnið í nánú samráði við bæjarstjóra Hafnarfjarðarkaupstaðar og reiknað með að stöðufundur verði haldnir á verktímabilinu eftir þörfum.

Umfangssáætlun verksins byggir á að Hafnarfjarðarkaupstaður gefi verkefninu nauðsynlegan stuðning, gögn og upplýsingar sem nauðsynlegar eru við úrlausn verkefnisins.

Umfangssáætlun og kostnaður

Gert er ráð fyrir að heildarumfang verksins geti numið 435 klst. vinnu verksala. Miðað við 13.200 kr. tímagjald, auk vsk., er gert ráð fyrir að heildarkostnaður nemi 5.742.000 kr., auk vsk., eða 7.206.210 kr., með vsk. Reiknað er með að greiðslur verði inntar af hendi mánaðarlega samkvæmt framvindu.

Verði verkþáttum fjölgað, verkefnið verði útvíkkað eða það reynist verulega umfangsmeira en áætlað hafði verið skulu aðilar fjalla um það og taka ákvörðun um áframhald þess.

Reykjavík, 8. október 2014.

Garðar Jónsson

Viðskiptafræðingur – M.Sc. í altækri gæðastjórnun

Yfirlit yfir svið/stofnanir til skoðunar

 Áætlaður fjöldi
funda

Stjórnsýsla	
Sviðsstjóri	1
Fræðsluþjónusta	
Fræðslusvið - Sviðsstjóri	1
Millistjórnendur	5
Grunnskólar	
Áslandsskóli	1
Hraunvallaskóli	1
Hvaleyrarskóli	1
Lækjarskóli	1
Setbergsskóli	1
Víðistaðaskóli	1
Öldutúnsskóli	1
Leikskólar	
Arnarberg	1
Álfaberg	1
Álfasteinn	1
Brekkuhvammur	1
Hlíðarberg	1
Hlíðarendi	1
Hraunvallaskóli	1
Hvammur	1
Hörðuvellir	1
Norðurberg	1
Stekkjars	1
Tjarnarás	1
Vesturkot	1
Víðivellir	1
Fjölskylduþjónusta	
Fjölskyldusvið - Sviðsstjóri	1
Þjónusta við fatlað fólk	1
Liðveisla - stuðningsfjölskyldur	1
Skammtímavistun Hnotubergi 19	1
Hæfingarstöð Bæjarhrauni 2	1
Berjahlíð	1
Einiberg	1
Erluás	1
Smárahvammur	1
Steinahlíð	1
Svöluás	1
Svöluhraun	1
Félagshjálp	1
Þjónusta við börn og unglínga	1
Þjónusta við aldraða	1
Æskulýðs- og forvarnarfulltrúi	1
Félagsmiðstöðvar - Verkefnisstjórar	1
Íþróttfulltrúi	1
Suðurbæjarlaug	1
Sundhöll Hafnarfjarðar	1
Sundmiðstöðin Ásvöllum	1
Íþróttahúsið við Strandgötu	1
Íþróttamiðstöðin Björk	1
Skipulags- og byggingarmál	
Skipulags- og byggingarfulltrúi	1
Umhverfi og framkvæmdir	
Sviðsstjóri	1
Þjónustumiðstöð - forstöðumaður	1
Hafnarsjóður	1
Vatnsveita	1
Fráveita	1
Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar	1
Samtals	58